

**Ed. 241. Frumvarp til laga [174. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Árnason.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Eysteini Þórðarsyni, bónda í Bessatungu í Saurbæjarhreppi, eyðijörðina Neðri-Brekku í sama hreppi fyrir það verð, er um kann að semjast eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Eysteins Þórðarsonar í Bessatungu. Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps hefur mælt með sölu jarðarinnar Neðri-Brekku, og er bréf oddvita Saurbæjarhrepps birt hér á eftir sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

Fagradal, 3. des. 1970.

Laugardaginn 28. nóv. 1970 var haldinn fundur í hreppsnefnd Saurbæjarhrepps að Fagradal. Þar var gerð svofelld bókun:

„Borizt hafði beiðni frá Eysteini Þórðarsyni, Bessatungu, um meðmæli hreppsnefndar Saurbæjarhrepps til, að hann gæti fengið keypta jörðina Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi.

Með hliðsjón af því, að Bessatungu vantar tilfinnanlega ræktanlegt land, samþykkir hreppsnefndin að mæla með því, að Eysteinn fái Neðri-Brekku keypta, og skapa með því bætta afkomumöguleika fyrir ábúanda Bessatungu, en eins og nú er er ræktun of lítil, og ekki möguleikar á verulegri stækkun.“

Samþ. með 4 atkv.

Sig. Þórólfsson,  
oddviti Saurbæjarhrepps.